

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1994

28. janúar 1994

205

Nr. 52

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ árið 1994.

1. gr.

Af öllu íbúðarhúsnæði í lögsagnarumdæmi Garðabæjar sem virt er fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1994.

2. gr.

Eigendur annarra fasteigna sem virtar eru fasteignamati og ekki annast sorphirðu sjálfir fá sérmerкта sorppoka gegn gjaldi sem er kr. 130 á poka og innifelur það kostnað við sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu).

3. gr.

Sorphirðugjald á aðrar fasteignir fellur niður enda annast eigendur sjálfir alla sorphirðu.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6 200.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytið, 28. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.